

Kennsluáætlun 2025-2026

5. - 7. bekkur

Námsgrein: Myndmennt

Kennari: Cornelia Spandau

Tímafjöldi á viku: 1 klst. (í lotum)

Markmið

Að nemandi:

- geti notað mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni á skipulagðan hátt í eigin sköpun.
- geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.
- geti unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.
- geti fjallað um eigin verk og annarra í samtali við aðra nemendur.
- geti beitt hugtökum og heitum frumpátta og lögmála myndlistar sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.
- geti greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margs konar listaverka.
- geti þekkt og gert grein fyrir völdum verkum íslenskra og erlendra listamanna, lýst þeim og greint og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

- Innlögn og samræður í upphafi hvers tíma
- Sýnikennsla
- Einstaklings-, para- og hópavinna
- Verklegar æfingar, sköpun
- Leiðsagnarnám

Námsmat:

- Símat (verkefni, hegðun, viðhorf, vinnusemi, ábyrgð á eigin vinnu og frágangi, sjálfstæðni, samvinna, samskipti, sköpun, umgengni)
- Jafningjamat

Námsgögn/ Náms efni:

- Efni frá kennara og ýmsum vefsíðum
- Námsbækur
- Tæki og áhöld greinarinnar: Teikniblýantar, Tússlitir, Vatnslitir, þekjulitir, Trélitir, Vaxlitir o.fl.